DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

Nr. 2626 Síðan 1968 54. árgangur

Miðvikudagur 1. desember 2021

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Eyravegi 25 · 800 Selfoss

Skólastarfið í nýja húsnæðinu hefur farið vel af stað. Mynd: Dagskráin/brv

Stekkjaskóli hefur skólastarf að Heiðarstekk

Mánudaginn 29. nóvember hófst skólastarf Stekkjaskóla á Selfossi að Heiðarstekk 10. Starfsdagarnir voru vel nýttir og hefur þrekvirki verið unnið síðustu daga að koma öllu í horf fyrir nemendur.

Góðir gestir komu í heimsókn í Stekkjaskóla og færðu starfsfólki skólans blóm og konfekt í tilefni flutninga í nýtt skólahúsnæði. Fyrst komu Þorsteinn Hjartarson sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Anna Ingadóttir deildarstjóri grunnskóladeildar í heimsókn. Því næst komu Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri, Helgi Haraldsson forseti bæjarstjórnar og Atli Marel Vokes sviðsstjóri mannvirkja- og umhverfissviðs. Skólastjórnendur sýndu gestunum skólahúsnæðið og voru þeir virkilega ánægðir með húsnæðið og hversu vel starfsmenn hafa komið sér fyrir.

Sjá myndasyrpu á bls. 2.

Nýtt bókakaffi á Selfossi

Nýtt bókakaffi hefur opnað að Eyravegi 15b, en þar verða til sölu bæði nýjar sem notaðar bækur, ásamt borðspilum og kaffiveitingum. Opnunartími verður kl. 13 til 18 virka daga og 12 til 16 á laugardögum. Allir bókaunnendur sem og aðrir eru velkomnir!

Framkvæmdir hefjast við brú og veg á næsta ári

Vegagerðin hefur auglýst eftir tilboðum í nýbyggingu vegkafla á Ölfusvegi og Sunnumörk í Hveragerði ásamt gerð nýrrar brúar á Varmá norðan Suðurlandsvegar.

Verkið felst í lagningu nýs vegar á u.þ.b. 780 m löngum kafla frá gatnamótum Sunnumerkur og Dalsbrúnar í Hveragerði að gatnamótum Ölfusvegar við Ölfusborgir austan Varmár ásamt byggingu nýrrar brúar yfir Varmá og reiðstígs undir brúna. Í útboðsgögnum er gert ráð fyrir að verkinu verði að fullu lokið 12. september 2022.

Með útboðinu er stigið risastórt skref í því að bæta alla umferð í og við Hveragerði. Hliðarvegurinn sem tengir hina dreifðu byggð

í Ölfusi er þar með tengdur bæði við Hveragerði sem og Selfoss en með tilkomu hans skapast mikil tækifæri enda er sá vegur sérstaklega hugsaður fyrir hægari umferð sem og hjólafólk og aðra þá sem vilja fara hægar yfir. Hveragerðisbær hefur þegar samþykkt að taka þátt í kostnaði við frágang tenginga við vegakerfi bæjarins og er gert ráð fyrir 47 m.kr. til þess verks á komandi ári. *-ah*

Það eru 23 DAGAR TIL JÓLA

Finndu þrjá kosti í eigin fari og segðu þá upphátt

Við búum öll yfir hæfileikum og mannkostum. Þegar við erum lítil í okkur, getur það gert kraftaverk að telja upp þrjá helstu kosti okkar, upphátt, nokkrum sinnum. Þessi aðferð styrkir sjálfstraust og trú okkar á því að við séum mikils virði og að við eigum allt gott skilið.

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Árborg
velliðan fyrir alla

Sveitarfélagið ÁRBORG

Jólatréssala á Snækfoksstöðum í Grímsnesi

Skemmtileg samverustund fjölskyldunnar þar sem boðið verður upp á kakó og lummur í skemmunni.

Þú getur sagað þitt eigið jólatré í skóginum, keypt tröpputré, bakka og eldivið eða valið tré sem við höfum sagað fyrir þig.

Fallegt handverk til sölu og frábær jólastemning.

Opnunartímar fyrir jól eru sem hér segir:
Laugardaga og sunnudaga fram að jólum kl. 11-16.
Vikan 20. des. - 23. des. kl. 11-16.

Skógræktarfélag Árnesinga

Stekkjaskóli hefur skólastarf að Heiðarstekk

Þorsteinn og Anna ásamt Sunnu forstöðumanni frístundar, Hilmari skólastjóra, Ástrós aðstoðarskólastjóra og Hildi deildarstjóra stoðþjónustu.

Bæjarstjórinn bregður á leik fyrir framan gagnvirkan skjá.

Skólastjórnendur ásamt Atla, Helga og Gísla.

KK og Tómas Jónsson í Þorlákskirkju

Hljómborðsleikarinn Tómas Jónsson telur niður í jólin með tónleikaröð á aðventunni þar sem hann fær til sín góða gesti sem allt er stórkostlegt tónlistarfólk. Tónlistarmaðurinn og þjóðargersemin KK kemur fram ásamt Tómasi sunnudagskvöldið 5. desember kl. 20.

Næstu helgar á eftir eru það Kristjana Stefáns og Júníus Meyvant sem láta ljós sitt skína. Miðaverð er 3500 kr. og miðasala er á tix.is. Nú er hægt að fara í hraðpróf á Selfossi á laugardagsmorgni á milli kl. 9-12 og því tilvalið að nýta sér það.

Jól í skugga sorgar og áfalla

Samvera fyrir syrgjendur verður í Selfosskirkju þriðjudaginn 7. desember kl. 20:00. Erfitt getur verið að horfa fram til jóla og undirbúa þau í kjölfar missis eða áfalla. Er stundin sérstaklega ætluð til þess að styðja við fólk í slíkum aðstæðum. Flutt verður falleg tónlist, og hugleiðing og kveikt á kertum í minningu látinna ástvina. Stundin er samstarf presta í Árborgar-, Hveragerðis- og Þorlákshafnarprestakalli. Kaffisopi í Safnaðarheimilinu á eftir. Stundin er öllum opin.

Hönnunarvefur

PRENTMETS ODDA

er kominn í loftið!

honnun.prentmetoddi.is

Á hönnunarvefnum getur þú sett upp **myndabækur**, **dagatöl**, **kort**, **nafnspjöld**, **ljósmyndir** og **stimpla** með einföldum hætti.

20% afsláttur af öllum pöntunum út desember með kóðanum **OPNUN20**.

prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun

Umbúðir · Almenn prentun · Bækur · Límmiðar · Stimplar



STÓRVIRKI UM BÍLA

320 síðna bílabók eftir Örn Sigurðsson með 1200 ljósmyndum sem margar hafa hvergi sést áður.

Hér eru bílar almennings, lögreglu og slökkviliðs; trukkar jafnt sem eðalvagnar, jeppar, vörubílar og húsbílar.

Fjallað er um fjölmargt tengt bílum, svo sem bensín- og smurstöðvar, verkstæði, hjólhýsi og leikföng, að ógleymdri vega- og gatnagerð.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | **www.forlagid.is**

Aðventu „núið“

Gunna Stella

Nú er aðventan gengin í garð. Aðventa er ljúfur tími að svo mörgu leiti. Það er tíminn þegar beðið er eftir jólunum og út um allt hljóma skilaboð um allskonar hluti sem við ættum að prófa, gera, smakka og kaupa.

Þegar ég var barn beið ég spennt eftir jólunum en svo minnkaði hann eftir því sem ég varð eldri og barnæskan var að baki. Þegar ég svo eignaðist mín eigin börn fór ég að njóta aðventunnar á allt annan hátt og í dag upplifi ég þennan spenning í gegnum börnin mín. Það er yndislegt.

En þegar kemur að aðventunni þá upplifa margir streitu. Ég hef oft ákveðið fyrir aðventuna að ég ætli að eiga rólega, ljúfa og yndislega aðventu. Síðan gerist lífið og áður en ég veit er ég búin að gleyma mér í áreitinu og farin að stressast upp eins og umhverfið í kringum mig. Með árunum hef ég þó lært að reyna að njóta hverrar stundar. Hérna áður fyrr var ég alltaf að bíða eftir einhverju sem var að fara að gerast í stað þess að staldra við í núinu og njóta þess sem fyrir augum bar. Njóta andartaksins, njóta kyrrðarinnar, njóta hláturssins, njóta jólaljósanna, njóta þess að horfa á stjörnurnar, njóta kaffibollans og njóta bókarinnar. Að njóta gerist ekki af sjálfum sér. Oftar en ekki þurfum við að velja að vera í núinu. Nota núvitund í deginum sem er að líða.

Jólin og aðventan tengjast oft mat. Við borðum mjög oft án þess að spá eitthvað nánar í því. Við troðum í okkur á meðan við erum að vinna í tölvunni, horfa á sjónvarpið eða þegar við erum á ferðinni. Við njótum matarins hinsvegar betur þegar við njótum stundarinnar og upplifum matinn með öllum skynfærum. Í mínu starfi sem heilsumarkþjálfi hafa margir talað um að mesta áskorunin í mataræði um jólin sé einmitt konfektkassinn eða sú áskorun að það er eitthvað góðgæti í boði hvert sem þú ferð. Það er ekkert að því að fá sér einn og einn mola á aðventunni, en þegar þú færð þér mola þá hvet ég þig til þess að njóta hvers bita sem þú setur upp í þig. Ef þú borðar með núvitund eru svo miklu minni líkur á því að þú borðið yfir þig eða klárir konfektkassann.

Kærleikskveðja, Gunna Stella

Panta tíma í ráðgjöf og/eða heilsumarkþjálfun - www.gunnastella.is - Hlaðvarp: Einfaldara líf

Sunnlenski matgæðingurinn

Sandra Dögg Garðarsdóttir er sunnlenski matgæðingurinn að þessu sinni.

Eitt af því skemmtilegasta sem ég geri er að borða góðan mat og helst mikið af honum. Matargerðin mín dags daglega einkennist hins vegar yfirleitt af einhverju einföldu og fljótlegu í amstri dagsins.

Bakaður Doritos kjúklingaréttur
Fyrir 4

1 bakki Ali kjúklingalundir
1 poki Doritos ostasnakk
1 krukka salsasósa
1 dós ostaídýfa
Jalapeno í krukku
Ostur

Hita ofninn í 200°C. Sker kjúklingalundirnar í bita og steiki á pönnu, krydda vel með salti og pipar. Mölva Doritos snakkið í pokanum og set það í botninn á eldföstu móti, ekki of stóru. Dreyfi salsasósunni yfir snakkið og smyr síðan ostadýfunni ofan á það. Mér þykir ostaídýfan frá Santa Maria langbest. Þegar kjúklingurinn er orðinn vel steiktur er honum dreyft ofan á. Gott að skera nokkra jalapeno smátt og setja yfir kjúklinginn og síðan ostinn yfir. Baka í ofninum ca 20 mín eða þar til osturinn er byrjaður að gyllast.

Það er velkomið að bæta útá réttinn grænmeti sem til er í ísskápnum ef vilji er fyrir því, t.d. sveppum, chilli, papriku ofl.

Ber þetta yfirleitt fram með hvítlauksbrauði og fersku salati.

Þetta er sannkallaður föstudagsréttur sem slær í gegn í hvert skipti á mínu heimili.

Ég þakka Rebekku Kristinsdóttur fyrir þessa áskorun og skora áfram á góða vinkonu okkar, Dröfn Hilmarsdóttur, að deila með okkur uppskirft af einhverju girnilegu að viku liðinni.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Forvarnarverkefnið Logi og Glóð

Slökkviliðsmenn Brunavarna Árnessýslu hafa undanfarið heimsótt alla fimmtán leikskóla sýslunnar og hitt elsta árganginn í forvarnarverkefninu um Loga og Glóð. Allstaðar hefur þeim verið vel tekið og vona þeir að sú fræðsla sem börnin fá í þessum heimsóknum skili sér inn á heimilin með auknum brunavörnum.

Meðfylgjandi myndir voru teknar á leikskólunum Leikholti í Brautarholti og Undralandi á Flúðum í síðustu viku.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

SIÐANSMÆKID Prentgripur 1041 0858

Gáta vikunnar

Vísnagátur-höf: Ármann Dalmannsson
Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Ég er oft á sviði sýndur.
Vals og „nikku“ þarf ég með.
Ég er fundinn eða týndur.
Ef ég tapa, set ég veð.

Svar við gátu í blaði 2625: **KERLING**
1. Fjallið **Kerling** - 2. Tröll**kerling** - 3. Föru/Betli**kerling** - 4. Snjó**kerling**

Jólagjöf sem gleður

- Undir jólatréð á Bókasafni Árborgar

Sjóðurinn góði úthlutar styrkjum fyrir jólin til einstaklinga og fjölskyldna sem eiga í fjárhagserfiðleikum.

Eins og undanfarin ár mun Kvenfélag Selfoss í samvinnu við Bókasafn Árborgar á Selfossi taka á móti jólagjöfum sem úthlutað verður til barna styrkþega Sjóðsins góða. Jólatréð verður í bókasafninu frá 1. desember.

Vegna umhverfissjónarmiða eru endurunnir heimasaumaðir jólapokar fyrir jólagjafirnar fyrir þá sem þess óska, og munu þeir liggja frammi í bókasafninu, gegn vægu gjaldi, kr. 300 sem einnig renna í Sjóðinn góða. Gefendur eru hvattir til að nýta þessa poka. Pokarnir eru eingöngu ætlaðir fyrir Sjóðinn góða. Merkispjöld verða á staðnum og merkja þarf gjafirnar með kyni og aldri eftir því sem við á.

Síðasti skiladagur jólagjafa á bókasafnið er 14. desember.

Bókasafn Árborgar og Kvenfélag Selfoss

Erlent samstarf í blóma hjá FSu

Erlent samstarf skóla er mikilvægt í námi nemenda og ekki síður í skólaþróun. Er samstarfið þá oftast myndað á milli þriggja skóla frá þremur löndum í gegnum evrópska menntasjóði þar sem ákveðin umfjöllunarefni eru tekin til skoðunar. Í gegnum árin hefur FSu verið virkur þátttakandi í slíku samstarfi sem hefur opnað fjölmörgum nemendum aðgang að ólíkum löndum og fjarlægum menningarheimum.

Á árunum 2018 til 2021 tók FSu þátt í Erasmus+ verkefninu Inclusion by sport and culture þar sem samband íþróttaiðkunar og menningar var skoðað. Farnar voru tvær ferðir, til Ítalíu og Tékklands, en því miður komst skólinn ekki í ferðina til Grikklands sem var hluti af verkefninu. Í ágúst 2021 endaði verkefnið á Íslandi. Þrátt fyrir að Covid hafi truflað verulega og lengt verkefnið um rúmlega ár var ákveðið að klára það með samantekt og menningarlegum ferðum um Ísland.

Aðspurð segir Eyrún Björg Magnúsdóttir umsjónarmaður erlends samstarfs við FSu það vera „þvílík forréttindi að fá að taka þátt í svona lærdóm með þessum krökkum og þvílíkur

þroski og aukalærdómur sem þau öðlast í ferðunum. Nám leynist nefnilega víða."

Með fréttinni fylgir fróðleg og skemmtileg síða með nemendaverkefnum úr verkefninu. Sjá: www.tinyurl.com/fsu-erlent. -jöz.

Hólaskógur endurnýjaður

Fjallaskálinn Hólaskógur við Sprengisandsveg hefur núna í sumar verið endurnýjaður að utan og innan. Að sögn Magnúsar Orra Marínarsonar Schram, framkvæmdastjóra Rauðukamba, sem hefur skálann á leigu, var Hólaskógur málaður að innan sem utan, nýjar suðursvalir settar á efri hæð, eldhúsin á báðum hæðum endurnýjuð og svo voru settir nýir gluggar í austurátt, til Heklu. Þá var svefnaðstaða bætt til muna, svefnrýmin stúkuð af og allar kojur og dýnur endurnýjaðar.

Verkstjóri breytinga voru bræðurnir í Þrándarholti.

Skálinn verður áfram leigður út til svefnpokagistingar til ferðahópa en skálinn er sérstaklega vinsæll meðal hesta- og ferðahópa. Skálinn tekur ríflega 40 manns í gistingu.

Innleiðing Heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna

Grímsnes- og Grafningshreppur hefur hafið vinnu við innleiðingu heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Vinnan hófst með því að Björn Kristinn Pálmarsson fulltrúi sveitarstjórnar og Guðrún Ása Kristleifsdóttir starfsmaður sveitarfélagsins tóku þátt í vinnustofu á vegum sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem verkefnið var kynnt ásamt mögulegum leiðum til að nálgast það. Í framhaldinu mun nú fara af stað vinna við að innleiða markmiðin í starf sveitarfélagsins.

Heimsmarkmiðin voru samþykkt af fulltrúm allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september 2015. Þau eru 17 talsins með 169 undirmarkmiðum og gilda á tímabilinu 2016-2030.

DFS.IS FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Ertu að leita að vinnu á Suðurlandi?
Ný störf auglýst í hverri viku!

†

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Margrétar Valdimarsdóttur
áður til heimilis að Kirkjuvegi 20, Selfossi.

Valdimar Friðriksson
Sæmundur Friðriksson
Erna Friðriksdóttir
Hrefna Friðriksdóttir
Jóhanna Valdórsdóttir
Hafdís Gunnarsdóttir
Bjarni Þorvaldsson
ömmu og langömmubörn.

HARPA ÚTFARARSTOFA
Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is

Harpa Heimisdóttir
842 0204

Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

KÍRÓPRAKTORSTÖÐ
KÍRÓ RVK X SELFOSS & NÁGRENNI
Guðmundur Birkir Pálmason Kírópraktor verður að vinna á Selfossi dagana 4 og 5 desember.
Staðsetning:
Yoga sólir, Eyrarvegi 38
4-5 December, 2021
Lau: 10-18
Sun: 9-12
Bókanir í sima 571 9110 eða á kirorvk@kirorvk.is
Verið hjartanlega velkomin
Ef þú ert hjá/hefur verið hjá kírópraktor áður og villt koma er nóg að bóka endurkomu, þó að þú hafir ekki verið áður hjá mér.

†

Minning

Kjartan Már Hjálmarsson, prentsmiður

Fæddur 2. júní 1960 – Dáinn 14. nóvember 2021

Mig setti hljóðan sunnudagskvöldið 14. nóvember sl. er ég frétti andlát Kjartans Más Hjálmarssonar. - Að þessi dagfarsprúði og hægláti maður, sem ég hafði unnið með í prentsmiðjunni á Selfossi í tæp 20 ár væri allur, kom mjög á óvart.

Hann kom til starfa, uppúr aldamótunum, með okkur í Prentsmiðju Suðurlands á hógværan hátt, nýstaðin uppúr erfiðum meiðslum og endurhæfingu, en við starfsfélagarnir sáum strax að þarna bættist okkur góður liðsauki.

Kjartan var fagmaður fram í fingurgóma og allt er laut að prentverki var honum hugleikið. Hvort sem það var fagurfræðin og útlit prentgripa eða meðferð okkar ástkæra og ylhýra máls, þar hafði hann bæði skoðanir og þekkingu. Íslenskt mál var Kjartani nánast heilagt, enda varð hann, er tímar liðu, útnefndur prófarkalesari, m.a. við Dagskrána þar sem þessi minningarorð birtast, og ekkert verk var sent úr prensmiðjunni án þess að Kjartan hefði kvittað uppá það. Auðvita kom það fyrir að mönnum greindi á um sitthvað, sérstaklega þegar réttritun var annars vegar. En ævinlega hafði Kjartan vaðið fyrir neðan sig, hafði kannað málsvexti frá rótum, og hanns álit var því samþykkt.

Tónlist var Kjartani hugleikin og um tíma söng hann með okkur í Karlakór Selfoss og á þeim árum vorum við fjórir úr prentsmiðjunni sem sungum með kórnum, og það var vissulega gaman. Þá var hann góður ljósmyndari og hafði næmt auga fyrir fegurð íslenskrar náttúru. Voru ófáar myndir hans sem rötuðu á síður Dagskrárinnar, héraðsfréttablaðs Suðurlands auk margra frábærra mynda á almanök og dagatöl sem prentsmiðjan gaf út.

Nú þegar leiðir skilja er ótal margt sem leitar á hugann, en uppúr stendur að Kjartan Már Hjálmarsson var góður maður sem ljúft er að minnast.

Syni hans og öðrum aðstandendum eru sendar samúðarkveðjur.

Valdimar Bragason, prentari.

Stórt högg var hoggið í okkar litla starfsmannahóp á Dagskránni við fráfall Kjartans Más Hjálmarssonar. Mig langar til þess að minnast hans sem samstarfsmanns í örfáum orðum.

Að fá tækifæri til þess að læra af þeim sem unnið hafa lengi við fagið var eitt af því sem ég fékk að njóta frá hendi Kjartans. Hann var óspar á ráðgjöf og stuðning þegar á þurfti að halda. Þegar kom að íslenskukunnáttu og prófarkalestri stóð honum enginn á sporði. Fáheyrt var að finna villu í blaðinu, og oft átti ég honum mikið að launa fyrir að taka eftir ýmsum atriðum sem höfðu farið fram hjá mér og hefðu orðið mér til skammar. Í smiðju Kjartans var jafnframt gott að leita eftir ráðum eða ábendingum um hvað betur mætti fara í frágangi á umbroti blaðsins eða annarra umbrotsverkefna. Fagmaður fram í fingurgóma og reynslubolti.

Ég verð að viðurkenna það að mér er orða vant. En fyrst og fremst í huga mér er þakklæti fyrir að hafa fengið tækifæri til að kynnast Kjartani og eignast í honum ekki bara góðan samstarfsfélaga heldur vin.

Hans er sárt saknað. Hans er minnst fyrir vinarþel, húmor, stálminni, hjálpsemi, greiðvirkni og ótrúlegrar snilligáfu á mörgum sviðum sem gott var að leita í.

Ég sendi fjölskyldunni mínar innilegustu samúðarkveðjur vegna fráfalls hans.

Far í Guðs friði og blessuð sé minning þín.

Gunnar Páll Pálsson

Fylgdi stundum æskuvini mínum inn í bókabílinn

segir lestrarhesturinn Þorvaldur Halldór Gunnarsson

Þorvaldur Halldór Gunnarsson fæddist í Reykjavík árið 1971 og sleit þar barnskónum. Hann útskrifaðist úr Menntaskólanum að Laugarvatni árið 1991, var við nám í HÍ og Árósaháskóla. Fluttist á Eyrarbakka árið 1998 og búið þar síðan með fjölskyldu sinni. Þorvaldur hefur starfað við ýmislegt en gegnir nú stöðu aðstoðarskólastjóra í Vallaskóla á Selfossi.

Ljósmynd: Ólafur Jónsson - jons.is

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Stríð og klið eftir Sverri Norland. Vinur minn gaf mér hana í afmælisgjöf. Sá hitti naglann á höfuðið hvað áhugasvið mitt varðar. Bókin fjallar um skáldið Sverri Norland í heimi loftslagsbreytinga og á sérstaklega vel við í kjölfarið á ný afstaðinni loftslagsráðstefnu COP26 í Glasgow. Það svífur ekki bjartsýni yfir þessari bók en hún er fanta vel skrifuð. Hún á sannarlega erindi til mannskeppnunnar, skepnur sem eru í ráðaleysi í firringunni miðri og titrandi voninni um að leysa loftslagsvandann á næstu 5-10 árum (helst!). Þetta er líklega stærri og ógvænlegri staða en kjarnorkuváin sem ég og mín kynslóð ólst upp við á 8. og 9. áratug síðustu aldar. Annars er ég að lesa misþurrar fræðibækur og greinar tengdar stjórnun í menntageiranum – starfstengt en áhugavert.

Hvers konar bækur höfða til þín?

Fræðibækur, bækur með heimspekilegu ívafi, ævisögur eða „allt á hverfandi hveli“ bækur eins og eftir Andra Snæ Magnason. Hafði gaman af sjálfshjálparbókum og bókum um það að ná „meiri“ árangri í lífinu eins og bækur Brian Tracy (einhverjir glotta sjálfsagt núna). Þrátt fyrir að hafa farið í bókmenntafræði þá spæni ég ekki í mig fagurfræðilegar bækur. Það er þó ein og ein skáldsaga sem á það til að detta í fangið á mér. Ég fæ alltaf bók frá tengdó í jólagjöf sem lesin er í einni beit yfir hátíðirnar. Síðast fékk ég bókina „*Spænska veikin*“ eftir Gunnar Þór Bjarnason – gott verk og small inn í mitt kófið.

Hvernig lýsir þú bernsku lestri þínum?

Barbapabbi og fjölskylda hans. Svo auðvitað skemmtilegu smábarnabækurnar um *Láka jarðálf*, *Bláu könnuna*, *Skoppu*, *Svörtu kisu og Tralla*. Móðurafi minn kallaði mig alltaf *Tralla* mér til mikillar geðshræringar. Ég ólst upp í Breiðholtinu í dæmigerðum millistéttarstíl og lítið fór fyrir bókum í hillum blokkaríbúðanna. Foreldrar mínir lásu reyndar mikið dagblöð. Mér var auðvitað alltaf hlýtt yfir heimalesturinn eftir skóla. Og þær fáu bækur sem ég eignaðist fóru á sérstakan stað í hillusamstæðunni minni (fyrir ofan páfagaukabúrið) svo það sæist að þarna byggi gáfumaður. Svo fylgdi ég stundum æskuvini mínum í bókabílinn. Þessi vinur minn „át“ bækur og ég hneykslaðist og öfundaði hann á víxl að geta lesið svona mikið eftir Sven Hassel og Alistair MacLean. Á meðan hann burðaðist heim með fullan poka af spennusögum þá taldi ég mig góðan að taka eina bók um *Frank og Jóa* eða *Fimm fræknu*. Ég ánetjaðist teiknimyndasögum og voru *Lukku Láki*, *Tinni* og *Ástríkur* í sérstöku uppáhaldi. Það jafnaðist ekkert á við það að leggjast á bedda með safaríkt epli og lesa teiknimyndasögu (sama sagan lesin ótal sinnum án leiðinda). *Anders And og Co* las ég á dönsku í sakbitinni sælu (gisp!). Svo voru *Tarzan* og *Kórak* náttúrulega á sínum stað. Hins vegar á ég enga uppáhaldsbók, og þó. Ein bók markaði tímamót í mínu lífi, stóra *Times Atlas* landakortabókin sem ég keypti fyrir fermingarpeningana mína árið 1984. Þá rættist langþráður draumur sem kviknaði á skólabókasafni Hólabrekkuskóla um að eignast þessa stóru bók. Mér þykir alltaf vænt um íslensku orðabókina mína sem var reglulega flett í skóla, eins *Esperanto* orðabókina sem ég varðveiti eins og dýrgrip. Svo var okkur þrælað í gegnum Íslandsklukkuna í lok grunnskólans (einn hluta af þremur). Það var þrekvirki. Ekki veit ég hvort hinir óhörnuðu „eitís“ unglingar hafi kunnað að meta þetta meistaraverk af einhverju viti en mikið býsnuðumst við yfir því hvað höfundurinn væri lélegur í stafsetningu. Í menntaskóla kynntist ég Íslendingasögunum. *Njála* og *Egilssaga* voru svo gott sem lesin ofan í okkur. *Eddukvæðin* og norræna goðafræðin skaut þó huganum á magnað flug.

En hvernig lýsir þú lestrarvenjum þínum?

Ég telst líklega seint lestrarhestur (af virðingu við lestrarhesta). Var lengi hæglæs og það lagaðist ekki fyrr en á hraðlestrarnámskeiði Ólafs Hauks Johnson. Finnst einna best að lesa uppi í rúmi fyrir svefninn eða í hægindastól. Dagblöð les ég á netinu og stundum kaupi ég rafrænar bækur og les á Kindle. Reyndar tók ég upp á þeim ósóma að horfa á sjónvarpsþætti uppi í rúmi í stað þess að lesa fyrir svefninn. Sem betur fer reif bókin mig aftur af þeirri braut og svefninn er betri fyrir vikið.

Einhverjir uppáhalds höfundar?

Halldór Laxness gæti talist uppáhald. Þegar ég las *Sjálfstætt fólk* var ég oft agndofa yfir textasmíðinni. Ekki skemmdi fyrir að lesa þessa bók í Hruninu. Það gaf alveg nýja sýn á menn og málefni.

En hefur bók rænt þig svefni?

Nei. Og þó! Ein af „*Útkallsbókunum*“ rændi mig svefni eitt sinn (sjálfsagt ekki einn um það).

En að lokum Valdi, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Líklega fræðibækur um menntamál eða bækur með heimspekilegu ívafi sem fáir læsu. Ég gæti hafa fundið upp á því að skrifa kaldhæðnislegar smásögur eða sögur í stíl við texta Franz Kafka. Eins kæmi mér ekki á óvart ef ég hefði gefið út ljóðabók.

Umsjón með
Lestrarhestinum hefur
Jón Özur Snorrason.

Hið ómissandi
dagatal Búsögu
nú fyrir árið 2022
er komið í sölu á aðeins 2.500 kr.
Ljómandi myndir ásamt lýsingu á dráttarvélum og sögu þeirra allt frá 1920.
Tilvalin jóla- eða tækifærisgjöf.
Sendum í pósti um land allt.
Sendingarkostnaður aðeins frímerki samkvæmt gjaldskrá Íslandspósts.
Greiðslubeiðni birtist í heimabanka.
Einfaldara getur það ekki verið.
Sími 894-9330 og netfang: busaga@simnet.is
BÚSAGA
BÚNAÐARSÖGUSAFN EYJAFJARÐAR

Matfugl

Starfsmaður óskast á hænsnabú

Matfugl ehf. óskar eftir að ráða starfsmann í 60% starf á hænsnabúi í Ölfusi.
Starfið hentar duglegum og samviskusömum einstaklingi með reynslu og áhuga á umhirðu dýra.
Nánari upplýsingar í síma 660 8676.

Útboð
Bláskógabyggð óskar eftir tilboðum í verkið:

Laugarvatn-Fráveita 1. áfangi

Verklok eru 15.10.2022
Verkið felur í sér lagningu vatns- og fráveitu á Laugarvatni. Grafa skal fyrir vatns- og fráveitulögnum og leggja samanber útboðslýsingu.

Helstu magntölur eru:

Gröftur á lausu efni, brottekið	800 m^3
Gröftur á lausu efni útjafnað við vinnusvæði	1.000 m^3
Fylling undir og yfir lagnir	1.800 m^3
Vatnsveitulagnir	1.260 m
Fráveitulagnir	820 m
Malbik	110 m^2

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 30. nóvember 2021. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Magnús hjá EFLU Suðurlandi með því að senda tölvupóst á netfangið magnus.olason@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.
Tilboðum skal skila til skrifstofu Bláskógabyggðar, Reykholti 806 Selfossi, fyrir kl. 10:30 þriðjudaginn 16. desember og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.
F.h. Bláskógabyggðar

íþróttir

Fimm iðkendur Selfoss á Evrópumót í hópfimleikum

FIMLEIKAR Dagana 1. – 4. desember fer fram Evrópumót í hópfimleikum í Guimaraes í Portúgal. Ísland sendir 4 lið á mótið, tvö lið í fullorðinsflokki og tvö í unglingaflokki. Langur og strangur undirbúningur hefur verið fyrir mótið og voru lokahópar tilkynntir 29. október sl. Fimleikadeild Selfoss á 5 iðkendur í lokahópnum, 4 stelpur í stúlknaliðinu, Auði Helgu, Birtu Sif, Evelyn Þóru og Karolínu Helgu og 1 strák í blönduðu liði unglinga, Sindra Snæ. Krakkarnir hafa alfarið æft með landsliðum sínum síðan í byrjun hausts í um 15 klukkustundir á viku en auk þess hefur talsverður

tími farið í akstur því flestar æfingarnar hafa farið fram á höfuðborgarsvæðinu.

Fimleikadeildin er afar stolt af fulltrúum sínum en þau eru öll uppalin í deildinni og eru miklar fyrirmyndir. Stelpurnar fjórar skipa stóran sess í stúlknaliðinu en aðeins eru 12 stúlkur í liðinu. Selfoss á því 33,3 % liðsins sem er afar eftirtektarvert. Krakkarnir hefja keppni miðvikudaginn 1. desember en þá fer fram undankeppni. 6 efstu liðin úr undankeppninni komast í úrslit sem fara fram föstudaginn 3. desember.

Fimleikadeild Selfoss óskar fulltrúum sínum góðs gengis á mótinu. Það verður spennandi að fylgjast með gengi þeirra.

Meint tap gegn Stjörnunni

HANDBOLTI Meistaraflokkur kvenna átti fyrri leik dagsins gegn Ungmennaliði Stjörnunnar í Grill 66 deild kvenna. Leiknum lauk með jafntefli, 29-29, en dómarar leiksins ákváðu að bæta við einu marki hjá Stjörnunni og tryggði það Sjtörnustúlkum sigur, 30-29.

Fyrri hálfleikur var eign Selfyssinga og leiddu þær með fimm mörkum í hálfleik, 12-17. Seinni hálfleikur var hins vegar slakur, bæði varnarlega og sóknarlega. Stjarnan náði hægt og bítandi að saxa niður muninn og jafntefli niðurstaðan eftir venjulegan leiktíma. 30. marki Stjörnunnar var síðan bætt við

Mynd: Elínborg Katla var markahæst Selfyssinga í dag með 8 mörk. Umf. Selfoss / SÁ

eftir að leik lauk. Tap þar með staðreynd.

Mörk Selfoss: Elínborg Katla Þorbjörnsdóttir var markahæst Selfyssinga með 8 mörk, Kristín Una Hólmarsdóttir skoraði 6 mrök og Tinna Soffía Traustadóttir 4. Rakel Guðjónsdóttir skoraði 4/4, Tinna Sigurrós Traustadóttir 3, Inga Sól Björnsdóttir 2 mörk. Þær Rakel Hlynsdóttir og Elín Krista Sigurðardóttir skoruðu 1 mark hvor.

Varin skot: Mina Mandic varði 13 skot í marki Selfoss og var með 34% markvörslu og Dröfn Sveinsdóttir varði 1/1 skot og var með 25% markvörslu.

Næsti leikur hjá meistaraflokki kvenna er gegn Víkingum hér heima, sunnudaginn nk.

Seiglusigur gegn KA

HANDBOLTI Selfyssingar sigruðu KA-menn á sunnudaginn sl. í Olís-deildinni með einu marki, 25-24.

Selfyssingar byrjuðu mikið mun betur og náðu fljótt fjögurra marka forystu. Norðanmenn stilltu sína strengi og var munurinn orðinn eitt mark rétt áður en flautað var til hálfleiks, en staðan var 12-10 í hálfleik. Selfoss byrjaði seinni hálfleik af sama krafti og þann fyrri og komust sjö mörkum yfir, 18-11. Upp úr miðjum seinni hálfleik kom svo „slæmi kaflinn“ þar sem ekkert gekk hjá Selfyssingum, hvorki í vörn né sókn. KA-menn gengu á lagið og náðu að jafna í stöðunni 21-21. Selfyssingar voru þó klókari á lokamínútunum og báru sigur úr býtum, 25-24.

Mörk Selfoss: Guðmundur Hólmar Helgason var markahæstur Selfyssinga með 7/3

Guðmundur Hólmar Helgason var öflugur í kvöld, bæði í vörn og sókn. Umf. Selfoss / SÁ

mörk, Richard Sæþór Sigurðsson skoraði 6, Einar Sverrisson og Tryggvi Þórisson 3, Hergeir Grímsson og Ragnar Jóhannsson 2 og þeir Alexander Egan og Árni Steinn Steinþórsson skoruðu 1 mark hvor.

Varin skot: Vilius Rasimas varði 14/1 skot (37%).

Selfoss er því komið í 7. sæti deildarinnar með 10 stig, en næsti leikur er gegn Val á Hlíðarenda næstkomandi laugardag.

Naumur sigur Selfoss gegn Hamri í nágrannaslag

Það var grannaslagur í Gjánni á föstudaginn þegar Selfoss fékk Hamar í heimsókn. Þetta er var í annað skiptið sem liðin mætast í vetur, en þau mættust einnig í 1. umferðinni, en þá bar Selfoss sigur úr býtum. Selfoss endurtók leikinn á föstudaginn og vann nauman sigur á grönnum sínum, 79-76.

Hamarsmenn settu tóninn strax í byrjun leiks og komust í stöðuna 9-17 um miðjan 1. leikhluta. Selfyssingar vöknuðu þá til lífsins og byrjuðu að saxa jafnt og þétt á Hamarsmenn. Selfyssingar skriðu framfyrir gestina í byrjun 2. leikhluta og byrjuðu að auka forskotið jafnt og þétt. Þeir nýttu færin sín betur og voru nokkuð sannfærandi í sóknarleiknum, á meðan gestunum gekk erfiðlega að finna hringinn. En helsti munurinn á liðunum var í fráköstunum, en Selfyssingar voru með 21 frákast í fyrri helming leiksins á móti 13 fráköstum Hamars. Staðan 47-40 þegar liðin ganga inn í búningsklefa.

Selfss byrjaði 3. leikhluta að krafti og náðu strax að komast í 10 stiga mun, en þá sögðu gestirnir stopp. Hamar ná að halda Selfyssingum í 14 stigum í 3. leikhluta og eru nálægt því að jafna leikinn í lok leikhlutans, sem þeir afreka í byrjun 4. leikhluta. Leikurinn var mjög jafn í lokaleikhlutanum og lengi vel ómögulegt að spá um sigurvegara. En þegar tvær mínútur voru eftir, og Hamar 1 stigi yfir, steig Trevon Evans upp fyrir heimamenn og skorar tvær stórar þriggjastigakörfur í röð og kemur liði sínu í vænlega stöðu, 79-74. Selfyssingum gekk þó brösulega að halda boltanum í lokin þökk sé klaufalegum villum og mislukkuðum sendingum og fengu Hamarsmenn góð tækifæri til að jafna leikinn, en nýttu færin ekki og Selfoss vinnur leikinn 79-76.

Í liði Hamars var Dareial Franklin atkvæðamestur með 24 stig og 10 fráköst. Á eftir honum var Björn Ásgeir Ásgeirsson með 16 stig og rétt á eftir honum Maciek Klimaszewski með 15 stig. Joao Lucas 10 stig, Ragnar Magni Sigurjónsson 9 stig og Haukur Davíðsson 2 stig.

Hjá Selfossi var, sem svo oft áður, Trevon Evans atkvæðamestur með 34 stig. Gasper Rojko 17 stig, Óli Gunnar Gestsson 10 stig, Vito Smojer 8 stig, Styrmir Jónasson 6 stig, Arnar Geir Líndal 2 stig og Sigmar Jóhann Bjarnason 2 stig.

Elvar Elí með U-20 ára landsliðinu

HANDBOLTI U-20 ára landslið karla fór á dögunum til Danmerkur í æfingaferð og spiluðu þar tvo æfingaleiki við heimamenn. Elvar Elí Hallgrímsson var fulltrúi Selfyssinga í hópnum, en Ísak Gústafsson gat ekki verið með hópnum að þessu sinni.

Strákarnir töpuðu báðum leikjunum nokkuð sannfærandi, sá fyrri fór 34-24 Danmörku í vil og sá seinni 37-28 fyrir heimamenn, Elvar Elí komst ekki á blað. Þjálfarar liðsins eru þeir Einar Andri Einarsson og Róbert Gunnarsson.

Bókin Bílamenning gefin út



Forlagið hefur gefið út bókina Bílamenningu eftir Örn Sigurðsson, en hún inniheldur 154 áhugaverða kafla um bíla og bílamenn. Hér eru bílar almennings, lögreglu og slökkviliðs; trukkar jafnt sem eðalvagnar, keppnisbílar, jeppar, vörubílar, húsbílar og snjóbílar, svo fátt eitt sé talið. Auk þess er fjallað á nýstárlegan hátt um fjölmargt annað sem tengist bílum, svo sem bensín- og smurstöðvar, verkstæði, bílasölur, hjólhýsi, leikföng, söfn og sýningar, að ógleymdri vega- og gatnagerð. Íslenskar yfirbyggingar, einstakt númerakerfi, sölunefndin og áralöng barátta bíleigenda við bifreiðaeftirlitið fá sinn skerf, líkt og H-dagurinn og ungir vegfarendur. Sérstakur kafli er tileinkaður bílabænum Selfossi. Íslendingar hafa ekki fremur en aðrir farið varhluta af þeirri áhugaverðu þróun bílamenningar sem hér er fjallað um á einstakan hátt á 320 síðum, en auk vandaðs texta prýða bókina nærri 1200 ljósmyndir sem margar hafa hvergi sést áður. Ómissandi stórvirki fyrir alla bílaáhugamenn.

Selfossbíó var opnað árið 1944 og naut strax mikilla vinsælda meðal heimamanna og gesta. Það þótti góður rúntur fyrir reykvíska bílamenn að skella sér austur fyrir fjall og kíkja í bíóið, eins og glöggt sést á þessari mynd sem tekin var árið 1957. Næst ljósmyndaranum er splunkunýr Ford Fairlane og til hliðar við hann sjást m.a. Packard, Chevrolet og Ford.

Gamla mjólkurbúið á Selfossi var teiknað af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins árið 1929 og þótti lengi ein glæsilegasta atvinnubygging landsins. Því miður var þessi sögufræga bygging rifin árið 1955, en núna hefur hún verið endurreist í upprunalegri mynd í nýjum miðbæ á Selfossi sem skartar fjölda „horfinna“ húsa. Fremst á myndinni er Willys árgerð 1946 í eigu Vegagerðarinnar, með yfirbyggingu frá Kristni Jónssyni vagnasmið.

Kaupfélagssmiðjurnar á Selfossi byggðu yfir mjólkurbíla Mjólkurbús Flóamanna og önnuðust útgerð þeirra um áratuga skeið. Hér er Chevrolet-mjólkurbíll af árgerð 1947 á brúnni yfir Sandlæk í Hrunamannahreppi.

Jólabókaupplestur í Bókakaffinu

Setjum kvóta á gestafjölda vegna Covid

Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, Guðrún Ingólfsdóttir, Jakub Stachowiak og Guðrún Steinþórsdóttir mæta til okkar fimmtudagskvöldið 2. des. Allir velkomnir en vegna aðstæðna verða gestir að skrá sig fyrirfram og við tryggjum að gestir verða ekki fleiri en 25 talsins vegna sóttvarna.

Þórunn les úr bók sinni Bærinn brennur, Guðrún Ingólfsdóttir úr bók sinni Skáldkona gengur laus, Jakub Stachowiak úr bók sinni Næturborgir og Guðrún Steinþórsdóttir úr bók sinni Raunveruleiki hugans er ævintýri.

Við hvetjum áhugasama til að skrá sig með því að senda okkur tölvupóst á bokakaffid@bokakaffid.is. Gefa þarf upp kennitölu og síma. Þeir fyrstu 25 sem skrá sig fá aðgang en öllum póstum er svarað.

Notaleg jólastemning með kakóbolla, smákökum og skrafi við skemmtilegt fólk. Munið eftir grímunum.

Þórunn Jarla Valdimarsdóttir er meðal höfunda sem lesa upp í Bókakaffinu nú á fimmtudagskvöldið. Gestir þurfa að skrá sig til þátttöku vegna sóttvarna.

Jólabasar
Kvenfélagsins á Eyrarbakka

verður haldinn á Stað sunnudaginn
5. desember kl. 14.00
Margt í boði
Allur ágóði rennur til líknarmála

Munum grímurnar - spritt á staðnum
Basarnefndin.

Vélamenn og meiraprófsbílstjórar

Þjótandi ehf. óskar eftir vélamönnum með vinnuvélaréttindi og bílstjórum með meirapróf. Erum með fjölbreytt verkefni og góða verkefnastöðu.

Um framtíðarstörf er að ræða.
Upplýsingar í síma 893-9190 eða á tölvupósti tjotandi@simnet.is



RISA
PRENTUN

A0 • A1 • A2 • LJÓSMYNDIR
VINNUTEIKNINGAR • PLAKÖT
RÚLLUSTANDAR

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF

FÉLAG ELDRI BORGARA FEB SELFOSSI

Nýjar sóttvarnreglur hafa tekið gildi og við tökum að sjálfsögðu tillit til þeirra.

OPIÐ HÚS
fellur niður næsta fimmtudag, 2. des.

Önnur starfsemi, námskeið og samkomur, eru í höndum viðkomandi stjórnenda. Minnum á heimasíðu FEBSEL og Facebook, þar sem allar tilkynningar birtast.

MINNUM FÉLAGA Á AÐ GREIÐA FÉLAGSGJÖLDIN FYRIR ÁRAMÓT.

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

Krani & tæki
Kranabíll • Minigrafa
Traktorsgrafa
Krabbi • Mannkarfa
Öll almenn jarðvegsvinna og flutningar
Diddi S. 861 4966
Elli S. 861 6700
fredi@simnet.is

KB Bókhaldsþjónusta
Bókhald • Launavinnslur
Stofnun fyrirtækja
Framtöl • Skattframtöl o.fl.
Persónuleg þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki.
Katrín Hjálmarsdóttir
viðurkenndur bókari
kotubok@simnet.is • S. 865 8431

KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja
Aðventumessa kl. 11. „Guð er í nánd.“ Með messunni enda kyrrðardagar á jólaföstu. Betlehemkertið tendrað á aðventukransinum. Fjársjóðskista fyrir börnin. Organisti Jón Bjarnason. Sr. Kristján Björnsson, biskup.

Stóruborgarkirkja
Aðventumessa kl. 14. „Guð er í nánd.“ Betlehemkertið tendrað á aðventukransinum. Fjársjóðskista fyrir börnin. Organisti Jón Bjarnason. Sr. Kristján Björnsson, biskup.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 4. desember. Biblíulexíur kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12. Eric Guðmundsson verður með ræðu. Verið velkomin.

BÍLAR

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KLETTUR ehf.
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069
HEKLA

FUNDIR

Vöfflukaffi

Vöfflukaffi verður næsta laugardag 4. des á milli kl. 11 og 12 á Eyravegi 15.

Gestur okkar er Sigurður Ingi Jóhannsson formaður Framsóknarflokksins og Innviðaráðherra.

Muna grímuskylduna.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is

Halldór Grétar og Auðhumla sigruðu í firmakeppni SSON

Firmakeppni Skákfélags Selfoss og nágrennis (SSON) fór fram laugardaginn 30. október 2021 í Risinu á 2. hæð Mjólkurbúsins mathallar. Alls tóku 28 skákmenn þátt í mótinu og tefldi hver þeirra fyrir hönd eins af þeim fyrirtækjum sem styrktu félagið í tengslum við mótið. Keppendur voru á ýmsum aldri. Sá yngsti var Magnús Tryggvi Birgisson, sem er 10 ára, og sá elsti Guðmundur Búason, sem er 75 ára. Magnús Tryggvi tefldi fyrir hönd Árborgar og Guðmundur fyrir hönd Hagbókar ehf. Teflddar voru 9 umferðir og var umhugsunartíminn 4 mínútur auk 2 sekúndna til viðbótar fyrir hvern leik. Skákstjóri var Róbert Lagerman.

Svo fór að FIDE-meistarinn Halldór Grétar Einarsson, sem tefldi fyrir hönd Auðhumlu, sigraði með 8 vinninga. Í öðru sæti varð Magnús Pálmi Örnólfsson, sem tefldi fyrir Gullfosskaffi og alþjóðlegi meistarinn Arnar Gunnarsson, sem tefldi fyrir LARSEN hönnun og ráðgjöf, varð þriðji en þeir fengu báðir 7 vinninga. Kvennaverðlaunin komu í hlut Maríu Óskar Guðbjartsdóttur, sem tefldi fyrir Kjörís, en hún var raunar eina konan á mótinu að þessu sinni.

Ingimundur Sigurmundsson, Halldór Grétar Einarsson og Róbert Lagerman. Blómvendir sem sigurvegari mótsins og efsta konan hlutu eru frá Garðyrkjustöðinni Espiflöt í Reykholti í Bláskógabyggð.

Frammistaða heimamannsins Ingimundar Sigurmundssonar vakti verðskuldaða athygli en honum tókst að leggja að velli bæði stórmeistarann Braga Þorfinnsson og alþjóðlega meistarann Arnar Gunnarsson. Ingimundur tefldi fyrir hönd Sigtúns þróunarfélags.

SSON vill þakka eftirtöldum aðilum fyrir þátttöku og stuðning í tengslum við mótið: Auðhumla, Gullfosskaffi, LARSEN hönnun og ráðgjöf, Mjólkursamsalan, Fossraf, Sigtún þróunarfélag, Tryggingamiðstöðin, Hveragerðisbær, Sauðfjársæðingastöðin, Flúðasveppir, Súperlagnir, Landsbankinn Hvolsvelli, Lögmenn Suðurlandi, ÞH Blikk, Eðalbyggingar, Dvalarheimilið Ás, Brim, Heimilistæki, Set ehf., Arionbanki Selfossi, Hagbók ehf., Sláturfélag Suðurlands, Garðyrkjustöðin Espiflöt, Sölufélag garðyrkjumanna, Bílverk, Íslenska gámafélagið, Árborg, Kjörís, Solid Clouds, Vörðufell, Fóðurblandan, Lagnaþjónustan og Kökugerð HP.

Þorsteinn Magnússon

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 30. gr. og 40. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar skipulags-og matslýsingar vegna aðal- og deiliskipulagsáætlana auk tillagna deiliskipulagsáætlana.

1. **Laugarás – Aðalskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 og nýs deiliskipulags vegna þéttbýlisins að Laugarási.

2. **Bergsstaðir L167202 og L167201 – Aðalskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember 2021 að kynna skipulags- og matslýsingu sem tekur til breytingar á landnotkun innan aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015 – 2027 í landi Bergsstaða. Fyrirhugað er að frístundabyggðin F84 taki breytingum og stækki til norðurs á landi Bergsstaða L167202 en minnki til suðurs á landi Bergsstaða L167201. Landbúnaðarsvæði tekur breytingum samhliða.

3. **Selhöfðar í Þjórsárdal – Skipulagslýsing aðal- og deiliskipulags**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. nóvember að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 – 2029 og nýs deiliskipulags vegna ferðamannasvæðis Sandártungu í Þjórsárdal. Skipulagssvæðið afmarkast af tjaldsvæði við Sandártungu til suðvesturs, Sandá til norðvesturs, Selhöfðum til norðausturs og Þjórsárdalsvegi til suðausturs.

4. **Stekkjartún, Stóru-Mástungu 2 L166604; Breytt landnotkun – Aðalskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. nóvember að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 – 2029. Breytingin varðar breytingu á landnotkun aðalskipulags á um 3,8 ha lands austan við núverandi bæjarhús að Stóru Mástungu 2 úr landbúnaðarsvæði í frístundabyggð. Samhliða aðalskipulagsbreytingu áforma landeigendur að unnið verði að gerð deiliskipulagsáætlunar sem tekur til svæðisins sem um ræðir þar sem gert verður ráð fyrir þremur lóðum fyrir frístundahús.

5. **Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2019; Íbúðasvæði; Arnarstaðakot og Skálmholt; Skilmálabreyting – Aðalskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 9. nóvember 2021 að kynna skipulags- og matslýsingu sem tekur til breytingar á landnotkun innan aðalskipulags Flóahrepps 2017 – 2029. Breytingin snýr að skilmálum aðalskipulagsins er varðar íbúðarsvæði í sveitarfélaginu. Fyrirhugað er að breyta skilmálum á þann hátt að heimiluð verði ný íbúðarsvæði í dreifbýli vegna sýnds áhuga landeigenda og eftirspurnar eftir slíkum lóðum. Einnig nær breytingin til tveggja nýrra íbúðarsvæða. Annars vegar í landi Arnarstaðakots L166219 þar sem fyrirhuguð er uppbygging búgarðabyggðar og hins vegar í landi Skálmholts land L186111 þar sem núverandi frístundasvæði og landbúnaðarsvæði innan jarðarinnar verði skilgreind sem íbúðarsvæði.

6. **Kringla 2 og 9; Kringlugil 1 og 2 – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. nóvember 2021 að kynna deiliskipulag sem tekur til skipulags tveggja lóða, Kringlugils 1 og 2, úr Kringlu 2 og 9. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda fyrir íbúðarhús og útihús.

7. **Úthlíð; Frístundabyggð – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. nóvember 2021 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til frístundabyggðar í Úthlíð. Svæðið er nánast fullbyggt og er í gildi deiliskipulag frá árinu 1993. Vegna fjölda breytinga á því skipulagi, breyttum kröfum til skipulags frá því gildandi deiliskipulag var gert og frekari fyrirhugaðra breytinga er áætlað að skipta skipulagssvæðinu í 5 svæði og gera nýjar skipulagstillögur fyrir hvert svæði fyrir sig. Gildandi deiliskipulag mun falla úr gildi að hluta við gildistöku þegar tillaga fyrir hvern áfanga hefur verið samþykkt og í heild þegar öllum áföngunum er lokið. Svæðið er um 430 ha að stærð og liggur vestan Laugarvatnsvegar og er innan jarðanna Úthlíðar I og Úthlíðar II.

8. **Hrunamannaafréttur L223267; Kerlingarfjöll; Landvarðaskáli - Deiliskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. nóvember 2021 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á deiliskipulagi að Kerlingafjöllum. Í breytingunni felst að fyrirhugað er að stofna nýja lóð og reisa landvarðarskála skammt norðan Kerlingafjallavegar.

9. **Ásgarður; Kerlingarfjöll – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. nóvember 2021 að kynna skipulags- og matslýsingu sem tekur til breytingar á deiliskipulagi að Kerlingarfjöllum. Í gildi er deiliskipulag, Svæði Fannborgar, Ásgarði Kerlingarfjöllum, sem tók gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda þann 24.03.2014. Unnið er nýtt deiliskipulag á grunni gildandi skipulags af svæðinu.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

10. **Breyting á skilmálum fyrir frístundasvæði – Aðalskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember 2021 að auglýsa aðalskipulagsbreytingu sem tekur til breytingar á skilmálum aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015 – 2027. Tilgangur breytinganna er endurbót á reglum er varðar hámarksbyggingarmagn innan frístundalóða sem falla utan þess að vera á bilinu 5.000 -10.000 fm að stærð.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

11. **Hraunhólar L166567; Íbúða- og frístundabyggð; Stækkun svæðis og fjölgun lóða – Deiliskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. nóvember 2021 að auglýsa deiliskipulag sem tekur til deiliskipulagsbreytingar í landi Hraunhóla L166567 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Breytingin felur í sér að íbúðarhúsalóðum er fjölgað úr 4 í 10. Fyrri gildandi deiliskipulög fyrir svæðið falla úr gildi við gildistöku þess nýja.

12. **Vatnsleysa L167184 – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember 2021 að auglýsa deiliskipulag í landi Vatnsleysu L167184. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á byggingarreit þar sem gert er ráð fyrir nýju fjósi allt að 2000 fm.

13. **Röðull L198895 – Deiliskipulag**
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. nóvember 2021 að auglýsa deiliskipulag vegna Röðuls í Ásahreppi. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining lóðar og byggingarreitar auk byggingarheimilda innan lóðar.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni http://www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: https://www.asahreppur.is/, https://www.blaskogabyggd.is/ , https://www.floahreppur.is/, https://www.fludir.is/, https://www.gogg.is/ og https://www.skeidgnup.is/
Mál nr. 1 - 9 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 1. desember til og með 24. desember 2021.
Mál nr. 10 – 13 innan auglýsingar eru auglýst frá 1. desember 2021 til og með 14. janúar 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2626 Miðvikudagur 1. desember 2021

Tré gróðursett til heiðurs Guðríði

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 18. nóvember:

Bæjarráð Hveragerðisbæjar óskar Guðríði Aadnegaard, námsráðgjafa og umsjónarkennara við Grunnskólann í Hveragerði, innilega til hamingju með hvatningarverðlaun Dags gegn einelti sem veitt voru 9. nóvember sl. og afhent voru af forseta Íslands og mennta- og menningarmálaráðherra.

Fagráð gegn einelti hjá Menntamálastofnun valdi verðlaunahafa úr innsendum tilnefningum og varð Guðríður fyrir valinu vegna þess ómetanlega starfs sem hún hefur unnið í eineltismálum undanfarin ár. Guðríður þykir einnig einkar góð fyrirmynd sem lagt hefur mikið af mörkum til þess að skapa jákvæða menningu í skóla sínum. Þá hefur hún einnig unnið af kappi fyrir íþróttahreyfinguna og hafa störf hennar þar einkennst af metnaði, virðingu og hlýju fyrir börnum og öðru samferðafólki rétt eins og í skólanum okkar. Það er okkur Hvergerðingum ómetanlegt að hafa jafn hæfa starfsmenn og Guðríði í þjónustu við yngstu íbúa bæjarins.

Í tilefni af viðurkenningunni verður gróðursett tré í Lystigarðinum Fossflöt sem með táknrænum hætti mun dafna til framtíðar og minna okkur öll um leið á mikilvægi þess að allir einstaklingar fái að dafna og njóta sín í bænum okkar. *-ah*

Þessir kátu krakkar á myndinni eru í 8. bekk Grunnskólans í Hveragerði og eru umsjónarhópur Guðríðar og Margrétar Ísaksdóttur sem sést einnig á myndinni. Mynd: Hveragerðisbær.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

Fæst hjá
BYKO Selfossi

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
okuland.is

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

prentmet Oddi
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

D·H BÓKHALD
Bókhaldsþjónusta
Skattskil
Stofnun fyrirtækja
Framtöl og ársreikningar
Fyrirtækjaráðgjöf
Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

Réttingar og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Jiiibbiii Siggaferðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi
Sjónvarpskerfi fyrir hótel og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

Gefðu þínum nánustu persónulegar jólagjafir
honnun.prentmetoddi.is
Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið dagatöl og myndabækur
20% AFSLÁTTUR ÚT DESEMBER
SENDUM HVERT Á LAND SEM ER
prentmet Oddi
heildarlausnir í prentun

FYLGD Útfaraþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Fáðu þér ilmandi jólakaffi
Bókakaffið Selfossi
með vanillu, kakói og rjóma

Sprettur
ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is